



Veðrið

Spáð er hægri breytilegri átt á landinu í dag, 61 á víð og dreif og víðast vægt frost.

Klukkan sex í morgun var léttskýjað og —4 stig í Reykjavík, hálfskýjað og —5 á Gufuskálum, léttskýjað og —2 á Galtarvíti, skýjað og —4 á Akureyri, alskýjað og —1 á Raufarhöfn, léttskýjað og 1 á Dalatanga, léttskýjað og —4 á Höfn í Hornafriði og léttskýjað og 1 stig á Stórhöfða í Vestmannaeyjum.

Í Þórshöfn í Færeyjum var skydduð og 2 stig, Kaupmannahöfn skýjað og 2, Ósló rigning og 2, Stokkhólmur skýjað og víð frostmark, Hamborg þokumóða og víð frostmark, París skýjað og —1, Madrid léttskýjað og —2, Mallorca léttskýjað og 0 stig, Lissabon þokumóða og 4 stig og New York skýjað og 1 stig.

Messur

KIRKJA ÓHÁÐA SAFNADARINS: Áramótuguðþjónusta kl. 18 á gamlársdag. Séra Emil Björnsson.

Minningarspjöld

Minningarkort kvenfélags Háteigssóknar

eru afgreidd hjá Gróu Guðjónsdóttur Háaleitisbr. 47, sími 31339, Guðrúnu Þorsteinsdóttur Stangarholti 32, sími 22501, Bókabúðinni Bókin Miklubraut 38, sími 22700, Ingibjörgu Sigurðardóttur Drápuhlíð 38, sími 17883 og Úra- og skartgripaverzlun Magnúsar Ásmundssonar, Ingólfsstræti 3, sími 17884.

Minningarkort Elli- og hjúrnarheimilissjóðs Austur-Skaftafellssýslu

fást í Reykjavík hjá Jóhönnu, sími 32857, eftir kl. 18.30 og um helgar.

Minningarspjöld Esperanto-hreyfingarinnar á Íslandi

fást hjá stjórnarmönnum Íslenska esperanto-sambandsins og Bókabúð Máls og mlenningar Laugaveg 18.

Minningarkort Sjálfbjargar

félags fatlaðra í Reykjavík, fást á eftirtöldum stöðum: Reykjavík: Reykjavíkur Apótek, Austurstræti 16, Garðs Apótek Sogavegi 108, Vesturbæjar Apótek, Meihaga 20—22, Bókabúðin Alfreimsmúli 6, Bókabúð Fossvoogs, Grímsbæ v. Bústaðaveg, Bókabúðin Embla, Drafnarfelli 10, Bókabúð Safamýrar, Háaleitisbraut 58—60, Kjótberg, Búðagerði 10. Hafnarfjörður: Bókabúð Olivers Steins, Strandgötu 31, hjá Valtý Guðmundssyni, Öldugötu 9. Kópavogur: Pósthúsið Kópavogi. Mosfellssveit: Bókabúðin Snerra, Þverholt.

Aðalfundir

Aðalfundur Sölumannadeildar VR

verður haldinn fimmtudaginn 27. des. nk. kl. 20.30 að Hagamel 4 (VR-húsi).

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.

Kosning fulltrúaráðs.

Munið: fimmtudaginn 27. des. kl. 20.30.

Apótek

AKRANESAPÓTEK: Gamlársdagur 9—12. Nýársdagur bakvakt.

AKUREYRARAPÓTEK: Gamlársdagur 9—12. Nýársdagur 11—12 og 20—21.

STJÖRNUAPÓTEK AKUREYRI: Gamlársdagur 9—12.

BLÖNDUÓAPÓTEK: Bakvakt um helgina.

BORGARNESAPÓTEK: Gamlársdagur 9—12. Nýársdagur bakvakt.

EGILSSTAÐAPÓTEK: Gamlársdagur 10—12. Nýársdagur bakvakt.

HÚSAVÍKURAPÓTEK: Gamlársdagur 9—12. Nýársdagur bakvakt.

ÓLFUSAPÓTEK HVERAGERÐI: Gamlársdagur 9—12. Nýársdagur bakvakt.

ÍSÁFJARDARAPÓTEK: Gamlársdagur 9—12. Nýársdagur bakvakt.

KEFLAVÍKURAPÓTEK: Gamlársdagur 9—12. Nýársdagur bakvakt.

NESKAUPSTAÐAPÓTEK: Gamlársdagur 9—12. Nýársdagur bakvakt.

SAUDÁRKRÓKSAPÓTEK: Gamlársdagur 9—12. Nýársdagur bakvakt.

SELFOSAPÓTEK: Gamlársdagur 9—12. Nýársdagur bakvakt.

STYKKISHÓLMSAPÓTEK: Gamlársdagur 9—12. Nýársdagur bakvakt.

MOSFELLAPÓTEK: Gamlársdagur 9—12. Nýársdagur bakvakt í síma 2155 og 1179.

ÞORLÁKSHAFNARAPÓTEK: Opíð verður í samráði við verzlunina.

Tilkynningar

Opnunartími ÁTVR

Í dag, föstudag 28. desember, eru áfengisútsölur ÁTVR opnar til kl. 19. Á gamlársdag mánudaginn 31. desember eru áfengisútsölur opnar frá kl. 9 til 12.

Opnunartími bensinstöðva um áramótin

GAMLÁRS DAGUR 31. DESEMBER: Opnað kl. 7.30—15.

NÝARSDAGUR 1. JANÚAR 1980: Lokað.

Bankaviðskipti — Vixlar

Vixlar sem eru á gjalddaga í dag, föstudag 28. desember, eru á síðasta degi mánudaginn 31. desember. Vixlar sem eru á gjalddaga laugardaginn 29., sunnudaginn 30., mánudaginn 31. desember og þriðjudaginn 1. janúar 1980 eru á síðasta degi fimmtudaginn 3. janúar 1980.

Opnunartími bankanna

Bankar eru opnar frá kl. 9—12 mánudaginn 31. desember, gamlársdag. Bankar og aðrar peningastofnanir eru lokaðar miðvikudaginn 2. janúar 1980.

Íslenskt veggteppi

Stjórn Menningarsjóðs Norðurlanda ákvað á sínum tíma að verja allt að 50 þús. danskra króna til þess að kaupa listaverk handa Menningarmálaskrifstofunnar í Kaupmannahöfn frá aðilarlönðum sjóðsins. Var forstjóranum, Klas Olofsson, og ráðuneytisstjóra danska menntamálaráðuneytisins, Ole Perch Nielsen, falið að annast framkvæmd málsins. Eftir athugun töldu þeir hentast að velja eitt listaverk og ákváðu að leita eftir að fá gerða veggábreiðu á Íslandi. Var sú tilhugun samþykkt á fundi sjóðstjórnar sem haldinn var í Borås í Svíþjóð 12. og 13. júní 1978. Var Ásgerður Búadóttir síðan ráðin til að leysa þetta verk af hendi. Afhenti Ásgerður veggteppið við athöfn í fundarsal Norrænu menningarmálaskrifstofunnar í Snaregade 10 í Kaupmannahöfn mánudaginn 17. júní. Að viðstöddri sjóðstjórninni, sendiherrum Norðurlanda í Kaupmannahöfn o.fl. Ásgerður segir svo um teppið:

„Vefnaðinn kalla ég þar sem eldurinn aldrei deyr. Nafnið er tvíþætt, og helgast annar þátturinn Íslandi. Þar sem eldurinn undir býr, en hinn er í symbolskri merkingu, um þann eld eða aflgjafa sem Menningar sjóður Norðurlanda á að vera og er í norrænni list og menningu.“

Ásgerður mun taka þátt í sýningu listamannahópsins „Koloristerne“ í Kaupmannahöfn 5. janúar nk. og sýna þá m.a. þetta veggteppi.

Þess má geta að í fundarsal Menningarmálaskrifstofunnar er auk veggteppisins stórt og fagurt málverk eftir Ásgrím Jónsson. Sem Ásgrímssafn lánaði ráðu neytinu handa skrifstofunni.



— Ég er hérna vegna þess að ég stal öllum jólagjöfunum!

Gengið

GENGISSKRÁNING Nr. 243 — 20. DESEMBER 1979

Ferðamanna-gjaldeyrir

Eining	Kl. 12.00	Kaup	Sala	Sala
1 Bandaríkjadóllar		392,40	393,40	434,74
1 Sterlingspund		863,65	865,85*	952,44*
1 Kanadadóllar		333,50	334,30*	367,73*
100 Danskar krónur		7297,40	7316,00*	8047,60*
100 Norskar krónur		7858,20	7878,20*	8666,02*
100 Seenskar krónur		9386,40	9410,40*	10351,44*
100 Finnisk mörk		10522,95	10549,75*	11604,73*
100 Franskir frankar		9682,90	9707,60*	10678,36*
100 Belg. frankar		1392,50	1396,00*	1535,60*
100 Svissn. frankar		24479,10	24541,50*	26995,65*
100 Gyllini		20529,40	20581,80*	22639,98*
100 V-býzk mörk		22623,20	22680,90*	24948,98*
100 Lírur		48,44	48,56*	53,42
100 Austurr. Sch.		3140,50	3148,50*	3463,35*
100 Escudos		787,80	789,80*	868,78
100 Pesetar		591,65	593,15*	652,47*
100 Yen		165,08	165,50*	182,05*
1 Sérstök dráttarréttindi		515,13	516,45*	

* Breyting frá síðustu skráningu.

Símavari vegna gengisskráningar 22190

Neyðarvakt tannlækna um áramótin

Neyðarvakt Tannlæknafélags Íslands er um áramótin á Heilsværndarstöðinni við Barónsstíg sem hér segir: Laugardaginn 29. og sunnudaginn 30. desember milli kl. 17 og 18. Gamlársdag 31. desember og nýársdag 1. janúar milli kl. 14 og 15.

Jón Aðalsteinn forstöðumaður Orðabókar HÍ

Menntamálaráðuneytið hefur skipað Jón Aðalsteinn Jónsson cand. mag. forstöðumann Orðabókar Háskólans frá 1. janúar 1980 að telja.

Í LAUSU LOFTI

Leiklist

ÓLAFUR JÓNSSON



Sjónvarp: DROTTINN BLESSI HEIMILIÐ Sjónvarpsleikrit eftir Guðlaug Arason. Leikstjóri: Lárus Ymir Óskarsson Stjórn upptöku: Tóge Ammendrup.

Það virtust að visu ýmsir endar lausir í sjónvarpsleikriti Guðlaugs Arasonar í gærkvöldi. Einn slíkur endi liggur yfir um landamæri farsaleiks — í atriðunum með grannkonu Olgu, Ásu: Sigurveigu Jónsdóttur, eða friðli hennar til einnar nætur úr Glæsibæ: Péttri Einarssyni. Það mátti svo sem taka eftir því að leikatriði til sjós og félagar Hannesar fráfarandi bónda Olgu, voru ekki skipperðir með þessu sama móti.

Annars gerist þessi leikur þráfaldlega á mörkum gamanleiks og alvöru — sbr. lýsingar hans á gagnkvæmri afbrýðisemi þeirra frásildu hjóna. Það held ég að hafi verið til þrýði á leiknum hve lítið var um þetta gamanefni hirt og alveg látið vera að brúka það til að hilla yfir kjarna máls í lýsingu þeirra Olgu og Hannesar sjálfra. Hversdagsleikinn, veruleikinn er vettvangur leiksins og þau hjón bæði saman í sjónarmiðu hans. Annað fólk í leiknum er ekki nema lausdregnar svipmyndir til hliðsjónar um ytri kjör og hagi þeirra.

Annar slíkur laus endi gæti mæta-vel orðið akkerisfesti leiksins í alvörugefinni umræðu um félagsleg

og sálfræðileg vandamál. Hannes og Olga eru nýskilin, hann er sjómaður og fæst ekki til að koma í land þótt hann leiki sér svo sem að hugmyndinni, hún stendur ein uppi með börn og heimilishald og vinnu sína á barnaheimili. „Ég hætti ekki á sjónum fyrr en ég er sjálfur búinn að fá nóg.“ segir Hannes undir lok leiksins, og það eru að sínum hætti lykilorð hans. Hún unir ekki fjarvistum, sjálfræði hans frekar en hann

sjálfráðum hugmyndum og sjálfstæði hennar. Og úr þessum efnivið mætti augljóslega efna í heilmikla kappræðu um kynhlutverk og sambýlismál, ný og gömul hlutverk heimilisfjöður og fyrirvinnu, húsfreyju og eiginkonu.

Ég held það sé enn fremur til þrýði á leikriti Guðlaugs Arasonar að það lætur slíka kappræðu liggja milli hluta, lætur nægja að gefa efnið til kynna. Mesti styrkur leiksins er hve

grandæfilega hann leiðir þessar manngerðir í ljós, samdar upp úr efnivið hversdagsleikans sjálfs og þeirra lífshátta sem hafa skapað fólkið í leiknum. Hér tókst Guðlaugi það sem honum hefur eftir minnum smekk ekki tekist í skáldsögum sínum, að lýsa með raunhæfu móti raunverulegu fólki, og vandamálum þess á máli fólksins sjálfs. Það er að visu líka ljóst hvað sjálft þetta hversdagsraunseii, styrkur og þrýði leiksins, setur efni hans þröngur skorður. Við erum að leikslokum fjarska litlu nær um þau Olgu og Hannes, hver þau eru og hvernig innst inni, hvað það er, annað en ytri kringumstæður, sem laðar þau saman og hrindir þeim sundur. Því að hvort tveggja er vitað að lokum, að þau eiga saman og þurfa hvort á öðru að halda, og að þau ná ekki saman á ný. Sáttin í leiknum var ekki nema til einnar nætur. En af sparneytni leiksins á umræðu, útskýringu, svo hyggileg sem hún er eftir hinni raunseislegu aðferð að efninu, leiðir líka að við sjáum í rauninni aldrei undir ytrabörðin á þeim hjónum og hjúskap þeirra sem var.

Drottinn blessi heimilið er fyrsti ávöxtur af námskeiði sjónvarpsins fyrir leikritahöfunda í fyriravetur, og frumraun Lárusar Óskarssonar leik-

stjóra í sjónvarpinu. Mér virtist leikurinn leiða efni leiksins einkar næmlega og skilmerkilega í ljós, rekja hina hversdagslegu atburðarás í ljóstri frásögn sem undir eins vakti og hélt vakandi til loka eftirtekt og áhuga manns. Ef efni leiksins virtist að endingu í lausu lofti, óutkljád var það áreiðanlega ekki sök Sögu Jónsdóttur, Þráins Karlssonar í aðalhlutverkum leiksins. Þau gæddu einmitt vandamál hversdagslífs og hversdagsleikans sem leikurinn lýsir nógu persónueinkennum í svipfari, fasi, raddblæ til að leiða í ljós andstæður sem dýpra standa en neitt sem á góma bar í leiknum.

Af hverju ná þau ekki saman á nýjan leik? Ég hygg að þau Þráinn og Saga hefðu verið þess fullvel umkomin að veita svör við slíkum spurningum ef efni leiksins hefði enst svo langt, að þeirri kviku lífs sem gæfi ytrabörði hlutanna, þess hversdagsheims og hversdagsfólks sem hér var lýst, fyrst sína fullu merkingu. Hversdagurinn er með öðrum orðum ekki nóg: til þarf að koma skáldleg sjón, skýring, skilningur hans. En þegar þar var komið var eins og þeir Guðlaugur Arason, Lárus Óskarsson hikuðu við og staðnæmdust.

